

Alur Álvinnsla ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes


Reykjavík, 10. september 2020
UST202003-037/E.H.
08.07.02

Efni: Eftirlit 2020 - Alur álvinnsla - Reglubundið eftirlit þann 29.5.2020

Þann 29.5.2020 sl. fór fram eftirlit í [starfsemi, rekstraraðili, starfsstöð]. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar en stofnunin óskar eftir uppfærslu á úrbótaáætlun vegna fráviks er varðar birgðir af saltköku.

Virðingarfyllst


Einar Halldórsson


Helga Rut Arnarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	29.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Helga Rut Arnarsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fullrúi fyrirtækis	Brynya Silness	ÍSAT nr.	3832
Fullrúi fyrirtækis	Ásgerður Þráinsdóttir	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundna vettvangsheimsókn í Al álvinnslu, Engin ný frávik voru skráð frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Staða frávika:

1. Úrbótaáætlun vegna frávika er varðaði óafgirta lóð og geymslu efna á nærliggjandi lóðum stefndi að verklokum fyrir 1. júní. Búið er taka til á nærliggjandi lóðum og girða til að að hluta til um verksmiðju.. Aðgengi er takmarkað að verksmiðjunni og hefur rekstraraðili beðið um frest út 2021 til að ljúka frágangi.

2. Frávik er varðar uppsafnaðar birgðir af saltköku er enn í eftirfylgni. Vegna COVID19 tókst ekki að senda út 2000 tonn af saltköku til móttökuaðila sem ráðgert var í mars sl. Verksmiðjuhúsið er nú fullt af saltköku og skv. rekstaraðila er það í forgangi að koma því efni út. Umhverfisstofnun óskar eftir frekari upplýsingum og uppfærslu á útflutningsáætlun þegar hún liggur fyrir eða eigi síðar en 30. september nk.

3. Alur álvinnsla hefur sótt um nýtt starfsleyfi til að heimila vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni. Gjallsandur sem skilin er frá í ferlinu er skilað til Norðuráls sem urðar hann í samræmi við sitt starfsleyfi í flæðigryfju. Umhverfisstofnun bíður eftir fullnæggjandi gögnum frá rekstraraðila til að halda áfram starfsleyfisvinnslu.

4. Útblástursmælingar. Ítrekar hefur vetrnisflúrórið mælst yfir mörkum starfsleyfis. Búið er að setja upp búnað til að bæta íblöndunarefni, Sorbakal við útblásturinn til að fanga flúrórið. Búið er að panta aðra mælingu til að kanna virkni íblöndunarefnisins á styrk vetrnisflúrófis í útblæstri.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun fráatvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tófi eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávika. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Als álvinnslu í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvívar í vettvangsferðir í verksmiðjuna í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Tveir olíugeymar eru á svæðinu.

Farið var yfir mælingar og mæliáætlun og skráningar skoðaðar skv. Ákvæðum starfsleyfis.

Að lokum var farið í skoðunarsvæði um verksmiðjuna og lóð hennar, ekki var tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 07.09.2020

Einar Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.